



Spáum 2,1% ársverðbólgu í ágúst

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs miðvikudaginn 30. ágúst.

Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,6% hækkun vísitölnnar milli mánaða.

Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 1,8% í 2,1%.

Vísitala neysluverðs stóð nokkurn veginn í stað milli mánaða í júlí, en við höfðum spáð 0,1% hækkun.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða í ágúst eru:


- Það sem af er ári hefur **reiknuð húsaleiga** hækkað að meðaltali um 1,8% milli mánaða. Úrtakskönnun okkar bendir til þess að verð á fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hafi lækkað lítillega í verði milli júní og júlí og er það helsta ástæða þess að við gerum ráð fyrir að hækkun á reiknaðri húsaleigu verði umtalsvert minni að þessu sinni eða um 0,5%.
- Lækkun krónunnar milli mánaða skilar sér m.a. í verðhækkun á **mat og drykkjarvörum og ökutækjum**.
- Verð á **fötum og skóm** lækkaði um 11% milli mánaða í júlí, sem er svipað og seinustu ár. Seinustu ár hefur þessi liður að meðaltali hækkað um 7% milli mánaða í ágúst samhliða því að sumarútsölunum lýkur. Hækkunin milli janúar og febrúar á þessu ári var mun minni en venja hefur verið og gerum við ráð fyrir að sambærileg áhrif verði einnig til staðar að þessu sinni. Inn í þetta spila einnig væntingar um aukna samkeppni samhliða opnun á verslun H&M hér á landi en ráðgert er að hún opni 26. ágúst næstkomandi.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hefur verð á **bensín og díselolíu** hækkað um 3% milli mánaða.
- Að öllu jöfnu er dýrast að fljúga til útlanda í júlí og má búast við að **flugfargjöld til útlanda** lækki milli mánaða.

Spá okkar um breytingu milli mánaða í ágúst hækkar um 0,1 prósentustig frá júlíspánni. Skýrist sú breyting aðallega af veikingu krónunnar milli mánaða.

Spá Hagfræðideildar

Liður	Vægi í VNV	Mánaðar-br.	Áhrif á VNV
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,9%	0,11%
Reiknuð húsaleiga	20,1%	0,5%	0,10%
Föt og skór	3,4%	2,0%	0,07%
Kaup ökutækja	7,0%	0,9%	0,06%
Bensín	1,8%	3,0%	0,05%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	1,2%	0,05%
Ferðir og flutningar - annað	4,9%	0,8%	0,04%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,8%	0,3%	0,03%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,5%	0,03%
Menntun	0,9%	2,5%	0,02%
Póstur og sími	2,3%	0,7%	0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	6,1%	0,2%	0,01%
Heilsa	3,9%	0,3%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,2%	0,01%
Tómst. og menning	9,9%	0,0%	0,00%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	-3,0%	-0,03%
	100,0%		0,59%

Mánaðarbreyting VNV í ágúst



■ Matur og drykkjav. ■ Húsnæðisliðurinn ■ Föt og skór
■ Kaup ökutækja ■ Bensín ■ Annað

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Minniháttar breyting á spá okkar til næstu mánaða:

- **September: +0,0%**
Reiknuð húsaleiga og fót og skór hækka.
Flugfargjöld til útlanda lækka.
- **Október: +0,2%**
Reiknuð húsaleiga hækkar.
- **Nóvember: +0,2%**
Reiknuð húsaleiga hækkar.


Þetta er minniháttar breyting frá bráðabirgðaspánni sem við birtum í júlí. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 1,8% í nóvember.

Áhættuþættir óbreyttir milli mánaða

Helstu áhrifaþættir sem við horfum til varðandi þróunina næstu mánuði eru óbreyttir frá því í júlí:


- Krónan hefur veikst nokkuð jafnt og þétt síðan í byrjun júní þegar evran fór tímabundið undir 110 krónur og Bandaríkjadalur undir 100 krónur. Verði áframhald á þessari þróun mun það þýða meiri verðbólgu.
- Hækkun húsnæðisverðs er aðaldrifkraftur verðbólgunnar nú. Við gerum ráð fyrir að það dragi úr þessum mikla hækkunartakti, enda er hann ekki sjálfbær til langs tíma litið. Verði raunin önnur mun það að öllu óbreyttu þýða meiri verðbólgu.
- H&M stefnir að því að opna verslun hér á landi í lok mánaðarins. Eins og sýndi sig við opnun Costco þá getur innkoma nýrra verslana haft mikil áhrif á verðskrá samkeppnisaðila.
- Verð flugfargjalda til útlanda sveiflast að jafnaði mun meira milli mánaða en aðrir undirliðir vísitölunnar. Því er ekki ólíklegt að það geti munað nokkru á mælingu Hagstofunnar og spá okkar.

Verðbólguþáttir



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Gengisþróun



Seinasta dags. 15. ágúst 2017
Heimild: Thomson Reuters Eikon



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.